

## FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
7852-002-FUN-016-V01	<b>Svæðisskipulag Suðurlandis</b>	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
08.03.2022	SASS	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
16	<ol style="list-style-type: none"> <li>Niðurstaða umhverfismats sviðsmynda</li> <li>Landslagsgreining</li> <li>Stefnumörkun</li> <li>Samráð og fundir</li> <li>Önnur mál</li> <li>Næsti fundur</li> </ol>	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
HB 11.03.2022	SASS	Hvol Hvolsvöllur
FUNDARMENN	FYRIRTÆKI	
Ari Thorarensen Ásta Begga Ólafsdóttir Helgi Kjartansson, Guðrún Magnúsdóttir, Óttar Þráinsson	Árborg Ásahreppur Bláskógabyggð Flóahreppur Grímsnes- og Grafningshreppur Hrunamannahreppur Mýrdalshreppur Rangárþing eystra Rangárþing ytra Skaftárhreppur Skeiða- og Gnúpverjahreppur UTU SASS Verkefnastjórn Verkfræðistofan EFLA	
Björn Kristinn Pálmarsson Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason		
Anton Kári Halldórsson, Lilja Einarsdóttir Haraldur Birgir Haraldsson		
Björgvin Skafti Bjarnason, Ingvar Hjálmarsson		
Bjarni Guðmundsson Helgi Kjartansson, Anton Kári Halldórsson Gísli Gíslason, Sigmar Metúsalemsson, Hrafnhildur Brynjólfsson		
DREIFING	FYRIRTÆKI	
Bjarni Guðmundsson	SASS	
FUNDARSKJÖL	NÆSTI FUNDUR	
Vinnuskjöl: Greinargerð	29. mars 2022	

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 15. fundar og telst hún samþykkt.

## 1. Forsendur og umhverfisskýrsla

### 1.1 Landslagsgreining og mat á verndargildi.

Landgreiningarhópur hefur unnið vel áfram á milli funda, Sigmar með Sigurði Magnússyni gróðurvistfræðingi og Lovísu Ásbjörnsdóttur jarðfræðingi frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Tilraunaverkefni sem EFLA vann fyrir Skipulagsstofnun er í þessu verkefni tekið áfram með rýni ofangreindra sérfræðinga.

- Flokkun landslags hefur verið yfirfarin en þar eru 5 yfirflokkar, sem eru óbreyttir frá skýrslu Eflu um Landslag, en undirflokkarnir hafa breyst aðeins í kjölfar þessarar yfirferðar.
- Viðbótgögn um **jarðminjar** hafa borist frá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) þar sem fram kemur verndareinkunn fyrir hvern flokk jarðminja. Nú fer Efla yfir þessi gögn og svo fær NÍ þau aftur til baka til að líta yfir þau. Útkoman er kort sem sýnir svæði með verndargildi 1-4.
- Sigurður H. Magnússon var búin að koma með gögn inn í verkefnið um vistgerðir. Í landslagsgreiningunni voru **vistgerðir og lífríki** tekin saman í kort um verndargildi.
- Þriðji flokkurinn fyrir mat á verndargildi er **landslag**. Inn í hann koma þrjú útreiknaðir þættir; hrikaleiki, víðsýni og víðerni. Fjórdi þátturinn er litir í landslagi, sem var kortlagður hjá EFLU. Hver þáttur er látinn gilda jafnt inn í mat á verndargildi landslags, en það má hugsa sér að vægi þessarra þátta sé misjafnt.
- Þessir þrjú þættir eru svo lagðir saman til að fá heildarniðurstöðu um verndargildi landslagsheila á suðurhálandi.

Umræða:

Í allri umræðu um verndargildi þarf að vera ljóst fyrir hvert svæði hvað er verið að vernda þar, til að geta lagt mat á það hvort áform um framkvæmdir eða annað, skerða verndargildi svæðisins.

Áhrif þessarar greiningar á aðalskipulag felast í því að nú þurfa sveitarfélögin að taka þessa greiningu inn í sína stefnumótun og ákvarðanir þurfa að taka mið af þessari greiningu.

Niðurstaða greiningarinnar er næm fyrir breytingum á vægi þeirra þátta sem fara inn í hana. Með því að hækka t.d. vægi víðerna þá breytist heildarniðurstaðan, en engu að síður þá er heildarniðurstaðan alltaf áþekkt. Um þetta verður fjallað í skýrslu um landslagsgreininguna.

Bent var á að Vonarskarð fengi ekki nægilega háa einkunn í heildarmatinu. Það gerist vegna þess að hluti af landslagsheldinni nær inn í Þingeyjarsveit. Sigmar yfirferð þetta með sérfræðingahópnum.

Um leið og verndun fær sérstakan sess í svæðisskipulaginu þá þarf að passa að nytjar, t.d. hefðbundnar nytjar vegna beitjar, fái líka sína umfjöllun. Í umfjöllun um nýtingu þarf að huga að:

- Veði í vötnum og ám er hlunnindi með ríka sögu. Taka þarf inn kort af veiðistöðum í ám og vötnum.
- Beitarnytjar.
  - Framtíðarsýnin er að svæðið verði áfram nýtt til beitjar. Til eru kort yfir afrétti og þau svæði sem eru friðuð fyrir beit. Einhver gögn eru í Gróllindinni og eitthvað er til hjá Landgræðslunni. Gott að setja inn nöfn á afréttum á kort. Hross fara ekki á afrétt á Suðurlandi.
  - Fjallaskálar og slóðar/vegir eru nýttir í tengslum við fjallaskil.
- Ferðapjónusta.

Landgræðsla er hluti af uppbyggingu fyrir svæðið. Samningar eru við Landgræðsluna um stór svæði, t.d. á Flóamannafrétti.

Fundurinn beinir því inn í verkefnið að ofangreindar nytjar séu hluti af stefnumörkun Suðrhálendis. Nýr kafli um hefðbundar nytjar, veiði og beitarnytjar.

## 1.2 Skipulagssjá – vefsjá

Sigmar fór yfir vefsjána og gögnin í henni.

- Það þarf að yfirfara gögnin þar um fjallaskála m.v. fyrirbyggjandi tillögu (d: Emstrur, Hvanggil)
- Kyrrlát svæði mættu koma inn í vefsjána.

## 1.3 Niðurstaða umhverfismats sviðsmynda

Lögð fram bókun um afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar á sviðsmyndum í samræmi við umræðu á síðasta fundi.

Suðrhálendið er einstakur áfangastaður og áhugi fólks á að sækja svæðið heim mun vaxa á næstu árum. Svæðisskipulagsnefnd tekur undir áherslu landsskipulagsstefnu um áherslu á sérkenni, náttúru, víðerni og óbyggðarupplifun á miðhálendinu. Til að ná því markmiði er mikilvægt að styrkja hálendið sem áfangastað og byggja upp innviði þess til að mögulegt sé að taka á móti gestum, þannig að ekki sé gengið nærri þolmörkum náttúrunnar. Í stefnu svæðisskipulags Suðrhálendisins verði lögð áhersla á verndun, sjálfbæra-nýtingu og að styðja við Suðrhálendið sem áfangastað þeirra sem virða náttúruna og vilja „njóta en ekki þjóta“, og um leið nýta þær auðlindir sem hálendið hefur upp á að bjóða á sjálfbærann hátt. Svæðisskipulagsnefnd hefur ákveðið að miða við sviðsmynd B í stefnumótun fyrir svæðið og telur að bættir vegir sem auki aðgengi að svæðinu, með hóflegri sjálfbærri nýtingu sé best til þess fallin að gæta að þolmörkum svæðisins og vernda náttúruna.

Nokkur umræða um hvort orðalag um sjálfbærni og hvort það þurfi að útskýra það, ef það er í bókuninni.

## 2. Stefnumörkun

Á milli funda hefur verið unnið töluvert í stefnumörkun svæðisskipulagsins um landslag, verndarheildir, mannvirkjabelti, ferðaþjónustu og orkuvinnslu. Farið var yfir þessi umfjöllunarefni

### Náttúra og auðlindir hálendisins, kafli 3.1. gróf drög.

Haldið verður áfram með stefnuna á þessum nótum og skilgreindar aðgerðir, ábyrgðaraðilar og samstarfsaðilar.

### Vernarheildir og mannvirkjabelti (kafli 3.2.)

Mannvirkjabeltið á að taka tillit til ákvarðana sem hafa verið teknar í aðalskipulagi sveitarfélaganna.

Umræða um hvernig landgræðsla, landgræðslusvæði og beitarnot spila með vernarheildum. Bæta þarf í umfjöllun um þessi hefðbundnu not.

- Leiðbeining til framtíðar um hvaða stefnu sveitarfélögin setja sér með landgræðslu .
- Stefna um skógrækt á hálendinu. Stefna þarf að veita leiðarljós því t.d. er aukin áhugi er á skógrækt frá aðilum sem vilja græða landið og afla sér kolefniskvóta.
- Framandi tegundir.

## Orkuvinnsla

Farið var yfir hvernig virkjanakostir í biðflokki birtast á kortagrunni og hvernig þeir falla saman við mannvirkjabelti og verndarheildir. Flestir kostirnir eru á mannvirkjabeltinu, en munu víkka það út ef af þeim verður.

- Virkjanakostir á Torfajökulssvæðinu skera sig úr, því þar er verndargildið hátt og mannvirki lítil, þar á meðal innviðir. Þar gæti verið ástæða til að svæðisskipulagið leggi línuna.
- Skipulagsstofnun kallar eftir því að sveitarfélögin segi sinn hug um virkjanir í biðflokki.
- Sumar virkjanir munu stækka mannvirkjabeltið s.s. Stóra Laxá og Búðartunguvirkjun.

### Ferðapjónusta, kafli 3.4.

Haldið verður áfram með stefnuna á þessum nótum og skilgreindar aðgerðir, ábyrgðaraðilar og samstarfsaðilar.

### 3. Samráð og fundir

Stjórn fer yfir verkefnið með Skipulagsstofnun við fyrsta tækifæri.

29. mars, næsti fundur svæðisskipulagsnefndar á Hvolsvelli kl. 10:00.

26. apríl, staðarfundur í Aratungu. Mögulega verða gestir á þeim fundi frá Þjóðgörðum, UST, Kötlu jarðvangi og Náttúrufræðistofnun + þeir sérfræðingar sem unnu að landslagsgreiningunni.

Kynning á vinnslustigi fer fram þegar ný svæðisskipulagsnefnd tekur við í haust.